

## AUGLÝSING

### **um staðfestingu forseta Íslands á reglugerð um breytingu á reglugerð um Stjórnarráð Íslands, sbr. auglýsingu um staðfestingu hennar nr. 96 31. desember 1969, með síðari breytingum.**

Forseti Íslands hefur hinn 21. desember 2001 samkvæmt tillögu forsætisráðherra staðfest eftirfarandi reglugerð um breytingu á reglugerð um Stjórnarráð Íslands, sbr. auglýsingu um staðfestingu hennar nr. 96 31. desember 1969, með síðari breytingum:

1. gr.

Á eftir orðinu „atvinnuvegum“ í 2. tölul. 13. gr. reglugerðarinnar, sbr. 1. gr. auglýsingar nr. 5/1990, 3. gr. auglýsingar nr. 77/1990 og 3. gr. auglýsingar nr. 103/1997, um staðfestingu reglugerða um breytingar á reglugerð þessari, komi: þ. á m. fráveitur.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 8. gr. laga um Stjórnarráð Íslands, nr. 73/1969, öðlast gildi 1. janúar 2002.

*Forsætisráðuneytinu, 27. desember 2001.*

**Davíð Oddsson.**

*Ólafur Davíðsson.*